

Nd.

## 31. Frumvarp til laga

[30. mál]

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

### 1. gr.

Við 45. gr. laganna bætist: Sama rétt á íþróttafólk, sem talið er í niðurlagi 46. greinar, og vandamenn þess.

### 2. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 46. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Allir, sem taka þátt í íþróttaiðkunum, hvort er heldur æfingum eða keppni, og orðnir eru 16 ára, skulu tryggðir á sama hátt og launþegar.

### 3. gr.

Aftan við 1. málsgr. 114. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Íþróttafélög greiða iðgjöld fyrir íþróttafólk. Nánari ákvæði um það skal setja í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

### 4. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þessu samhljóða hef ég flutt á tveim síðustu þingum, og urðu þau örlög þess þar, að það dagaði uppi í bæði skiptin. Þó að svo hafi til tekizt, tel ég ekki á það reynt til fullnustu, að þingvilji sé í andstöðu við frumvarp þetta, svo og að því athuguðu, að hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla íþróttaiðkendur, sem yfirlýstur vilji íþróttabreyfingarinnar stendur á bak við, svo sem sjá má á því, að þessir aðilar hafa nú þegar skorað á Alþingi að samþykkja frumvarpið:

Íþróttasamband Íslands, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, Íþróttaráð Reykjavíkur, Íþróttafélagið Þór.

Flyt ég þetta frumvarp að nýju, og fer hér á eftir sú greinargerð, er áður hefur fylgt því:

„Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu á almannatryggingunum, eru þær, að allir íþróttaiðkendur komi inn undir lögin og njóti stuðnings, ef slys verður, svo sem sjúkrakostnaðar og dagpeninga.

Eins og flestum, er til þekkja, mun vera kunnugt, koma oft fyrir slys við íþróttæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og oftast félagið.

Augljóst er, hversu erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, er það verður fyrir, svo sem eins og þeim að verða lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slyss við íþróttaiðkanir. Um sanngirni þess, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða almannatryggingalaganna um slysabætur, ætti eigi að vera þörf að rita langt mál eða leiða fram mörg rök fyrir því. Almennigur og Alþingi hafa nú viðurkennt hið þjóðnýta starf íþróttastarfseminnar í landinu, — almennigur með vakandi áhuga og skilningi fyrir íþróttahreyfingunni og Alþingi með því að verja allt að milljón krónum árlega úr ríkissjóði til byggingar á íþróttamannvirkjum.

Vænta má því, að frumvarp þetta mæti velvild og skilningi á nauðsyn þess, að slíkar tryggingar komist á, þar sem, eins og áður segir, flestir viðurkenna nú orðið gildi íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar í landinu.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ráðin bót á því öryggisleysi, sem ríkt hefur fyrir það fólk, er iðkað hefur íþróttir, og orðið við sanngjörnum og eðlilegum kröfum íþróttasamtakanna.“